

**120. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 25. maí 2011 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

**Fundargerð 119. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

**Frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi, 439. mál**

**Afgreiðsla:**

Umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi var afgreidd á milli funda hjá Breiðafjarðarnefnd og send til nefndarsviðs Alþingis. Málið var til umræðu á fundinum.

Breiðafjarðarnefnd mælir með því að frumvarp þetta verði að lögum með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 2. gr. frumvarpsins. Telur nefndin þessa niðurstöðu vera í samræmi við fyrri aðkomu nefndarinnar að málinu. Umsögn Breiðafjarðarnefndar þá eins og nú miðast við þá hluta framkvæmdarinnar sem falla undir starfssvið nefndarinnar.

**Beiðni um umsögn vegna byggingaframkvæmda í Efri-Langey**

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna bátaskýlis og æðardúnsverkun í Efri-Langey. Fyrir lágu teikningar að húsbyggingu, umfjöllun um staðsetningu og myndir af staðháttum.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða byggingu bátaskýlis og æðardúnsverkun í Efri-Langey.

**Breytingar á texta starfsskýrslu 2010**

Farið var yfir starfsskýrslu 2010 og nokkrar breytingar gerðar á texta.

**Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar**

Farið var yfir tillögu Péturs frá Sæferðum, að vettvangsferð um Breiðafjörð. Breiðafjarðarnefnd áætlar að fara í ferðina þann 7. júlí nk. m.t.t. flóðatöflu.

Athugað verður hvort umhverfisráðherra sjái sér fært að koma með í ferðina.

### Prentun á Breiðafjarðarbæklingum

Leitað var eftir hugsanlegum samstarfsaðilum um prentun á bæklingum Breiðafjarðarnefndar. Málið er í skoðun hjá þeim aðilum sem samband var haft við.

### Önnur mál

Ritari upplýsti að hann hafi safnað saman öllum fundargerðum Breiðafjarðarnefndar frá upphafi. Ákveðið var að gera allar fundargerðirnar aðgengilegar á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Lagt var fram til kynningar bréf Stykkishólmsbæjar sem segir að bæjarráð Stykkishólmsbæjar samþykkti skilti Breiðafjarðarnefndar á hafnarsvæði að uppfylltum skilyrðum.

Lagt var fram til kynningar bréf Grundarfjarðarbæjar sem segir að bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar taki undir afgreiðslu Breiðafjarðarnefndar á samantekt starfshóps um úttekt á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Nefndin telur brýnt að hafa yfirlit yfir kræklingaeldi á Breiðafirði. Unnið verður að því að taka saman yfirlit yfir eldisstaði á svæðinu.

**Fundi var slitið kl. 14:00.**

**Næsti fundur verður haldinn þann 7. júlí 2011.**